Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

Erum einnig á visir.is

JÚNÍ 2020

6. tbl. 27. árg.

Öll lyf á lágmarksverði og samheitalyf líka!

Lyfjaval APÓTEK

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau 11-16
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við Sigurjón Arnórsson

17 sjúkraliðar útskrifaðir frá FB

Þessar 17 myndarlegu konur útskrifuðust af sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólanns í Breiðholti að þessu sinni. Eins og sjá má af höfuðfötum þeirra á myndinni útskrifuðust sumar þeirra bæði af sjúkraliðabraut og með stúdentsprófi. Einnig má sjá að þær eru af ýmsum þjóðernum og sýna því ágætan þverskurð af því fjölmenningarmannlífi sem hefur þróast í Breiðholti. Þær eru einnig á ýmum góðum aldri sem sýnir að aldrei er of seint að skella sér í nám. Meira um útskriftina á bls. 9.

PIZZUR MÁNAÐARINS

TRÍÓ

EIN STÓR PIZZA

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
6. tbl. 27. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Einn banki - betri þjónusta

Árdögum Breiðholtsins fyrir nær hálfri öld var á annan tug bankaútibúa í byggðarlaginu. Bankarnir lögðu mikið upp úr því að nálgast viðskiptavini með þessum hætti og samkeppnin var hörð. Fólk átti að geta gengið í bankann sinn rétt eins og matvörubúðina.

Á þessu hefur orðið breyting. Nú er aðeins eitt bankaútibú eftir í Breiðholti. Útibú Landsbankans í Mjóddinni. Ástæður þess eru þó ekki minnkandi vilji bankanna til þess að veita viðskiptavinum þjónustu. Þær má rekja til tæknibyltingar sem orðið hefur með tilkomu tölvuvæðingar og nettengingar. Í dag geta flestir viðskiptavinir verið beintengdir við bankann sinn bæði heiman að frá sér og oft frá vinnustöðum.

Þaðan annast þeir bankaviðskipti sín. Framkvæmt millifærslur og óska eftir þjónustu á heimasíðum bankanna. Peningaseðlar eru að verða forngripir sem gert hefur þjónustu bankagjaldkera nánast óþarfa. Flestir sem leið eiga í þjónustuver eða útibú bankanna eiga erindi við ráðgjafa sem meta þjónustuþörf þeirra og fylgja erindum þeirra eftir. Biðraðir við stofur bankastjóra eru horfnar.

Hér í blaðinu er viðtal við Hildi Maríu Jósteinsdóttur útibússtjóra Landsbankans í Mjódd. Þar kynnir hún meðal annars þjónustu bankans á nýjum tímum. „Við erum mjög spennt fyrir þessum framkvæmdum og hlökkum til að taka til starfa í endurnýjuðu útibúi. Það verður áfram hægt að fá nánast alla sömu þjónustu og áður og við verðum til taks til að aðstoða viðskiptavini við að nýta sér sjálfsafgreiðslutækin," segir Hildur María.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Vinnustofan Sýndu þig

Í þremur grunnskólum í Breiðholti næsta haust

Undirbúningur er hafinn. Drengurinn á myndinni hefur skreytt sig með endurskinsmerkjum.

Vinnustofan Sýndu þig fer af stað. Þar munu nemendur hanna eigin endurskinsmerki sem hægt er að festa á klæðnað. Vinnustofunni er ætlað að auka öryggisvitund barna í gegnum sköpunarkraft þeirra. Nemendur hanna og teikna merki og búa það til með vínylskera sem hefur verið komið upp í skólunum.

Flest íslensk börn ganga í skólann yfir dimmustu vetrarmánuðina enda eykur það heilbrigði þeirra og sjálfstæði. Þrátt fyrir jákvæð áhrif göngunnar þá þurfa börn að vera sýnileg til að tryggja umferðaröryggi þeirra. Skapandi skólastarf er í gríðarlegum vexti í Breiðholti en nýlega fékk Fab Lab Reykjavík styrk frá Reykjavíkurborg til að byggja upp skapandi námssamfélag kennara í Breiðholti. Námssamfélagið samanstendur af öflugum kennurum úr þremur grunnskólum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og leitast við að skipuleggja og halda skapandi vinnustofur með nemendum þar sem nýjungar eru innleiddar í skólastarf. Fyrsta vinnustofan er einmitt Sýndu þig verkefnið en sú vinnustofa fékk styrk frá VÍS til innkaupa á tækjum og uppbyggingar vínylskurðarrýma innan veggja skólanna. Slíkt rými er komið í notkun Seljaskóla, Fellaskóla og Hólabrekkuskóla og eru fyrstu vinnustofurnar farnar af stað með litlum nemendahópum. Í Seljaskóla hefur unnið ötullega að því að skipuleggja hvernig vinnustofan geti farið fram með fleiri nemendum næsta haust. Litlu vinnustofurnar hafa gengið vel og margar skemmtilegar hugmyndir komið fram. Það er jafnframt áhugavert að sjá hvað nemendur vilja segja með hönnun sinni. Í haust fara vinnustofurnar af stað af fullum krafti í skólunum þremur með stærri hópum. Endurskinsmerki sem börn í Breiðholti hafa hannað munu lýsa upp myrkrið í vetur.

www.breiðholt.is

Velkomin í Gróðrarstöðina Storð
Við bjóðum þér upp á:
- mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- plönturnar í matjurtagarðinn
- mold, áburð, ker og potta
- góða þjónustu og faglega ráðgjöf

Næg bílastæði

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ
Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

2020 FORSETAKOSNINGAR

Nýr kjörstaður - Breiðholtsskóli – Reykjavíkurkjördæmi suður

Við komandi forsetakosningarnar verður nýr kjörstaður sem þjónar Bakkahverfi og Stekkjahverfi.

Kjörhverfi Breiðholtsskóla miðast nú við allar götur norðan Breiðholtsbrautar og vestan við Arnarbakka og Höfðabakka.

Kjósendur sem hingað til hafa kosið í Íþróttamiðstöðinni Austurbergi og eru ekki í hinu nýja kjörhverfi kjósa áfram þar.

Í Reykjavík er hægt að flett upp sínum kjörstað og kjördeild eftir heimilisfangi á vef borgarinnar: **reykjavik.is/kosningar**
Á kjördag verður einnig hægt að hringa í upplýsingaver Reykjavíkurborgar í síma **411-4915**

PRESIDENTIAL ELECTION 2020

New polling station – Breiðholtsskóli – Reykjavík south constituency.

In the forthcoming presidential election, a new polling station will serve residents of the Bakkar and Stekkir neighbourhood in Breiðholt.

The Breiðholtsskóli polling district now consists of all streets north of Breiðholtsbraut and west of Arnarbakki and Höfðabakki.

Voters that have previously voted in the sports center in Austurberg and are not in the new polling district will continue to do so.

Residents in Reykjavík can look up their polling station on the Reykjavik City website: **reykjavik.is/kosningar**
On election day, it will also be possible to call Reykjavik City help desk on **411-4915**

WYBORY PREZYDENCKIE 2020

Nowy lokal wyborczy – Breiðholtsskóli – okręg wyborczy Reykjavík południe

W nadchodzących wyborach prezydenckich ustanowiony zostanie nowy lokal wyborczy dla mieszkańców Bakkahverfi i Stekkjahverfi.

Obwód głosowania Breiðholtsskóli obejmuje od teraz wszystkie ulice na północ od Breiðholtsbraut i na zachód od Arnarbakki i Höfðabakki.

Wyborcy, którzy dotychczas głosowali w Íþróttamiðstöðin Austurbergi i nie mieszkają na terenie nowego obwodu, w dalszym ciągu tam oddają głos.

Mieszkańcy Reykjavíku mogą sprawdzić, w którym lokalu i w której komisji wyborczej mają głosować, wpisując adres zamieszkania na stronie internetowej miasta: **reykjavik.is/kosningar**
W dzień wyborów możliwy będzie również kontakt telefoniczny z centrum informacyjnym miasta Reykjavík pod numerem telefonu **411-4915**



Reykjavíkurborg

VIÐTALIÐ

Forréttindi að búa í Breiðholti

- Sigurjón Arnórsson aðstoðarmaður Ingu Sæland alþingismanns

Sigurjón Arnórsson aðstoðarmaður Ingu Sæland alþingismanns á fjölbreyttan feril að baki. Hann er fæddur í Reykjavík en var fluttur tveggja vikna gamall til Belgíu þar sem foreldrar hans voru búsett. Hann var á fjórða ári þegar fjölskyldan fluttist aftur til Íslands en dvaldi þó aðeins um hríð. Leið hennar lá síðan til Maryland í Bandaríkjunum þar sem hún var búsett þar til Sigurjón var 14 ára. Eftir það átti hann heimili í Breiðholtinu en býr sem stendur í Kópavogi ásamt bandaríksættaðri konu og ungum syni. Sigurjón fór að taka þátt í stjórnmálum í Breiðholti. Hann var í stjórn Félags sjálfstæðismanna í Skóga- og Seljahverfi og tók einnig þátt í prófkjöri fyrir flokkinn og var kosningastjóri. Síðan lá leiðin yfir til Viðreisnar en sérstakir atburðir í lífi hans urðu til þess að hann fór að spyrja sig ýmissa spurninga um lífið og samfélagið. Þetta leiddi hann á fund Ingu Sæland. Sigurjón spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

"Ég er fæddur í Reykjavík en var aðeins tveggja vikna þegar ég ferðaðist í burðarrúmi til Brussel. Foreldrar mínir voru þá búsett þar en móðir mín vildi fæða hér á landi. Því kom hún heim en fór strax utan með mig að fæðingunni lokinni. Ég var aðeins tveggja vikna gamall. Þau fluttu svo heim þegar ég var þriggja ára. Dvölin heima var þó ekki til lengdar því leið okkar lá til Maryland í Bandaríkjunum. Fjölskyldan flutti aftur til Brussel í nokkur ár eftir dvöl okkar í Maryland, þar sem pabbi starfaði sem fulltrúi Íslands í NATO." Sigurjón segist því ekki hafa átt mikla æsku á Íslandi. Komin á unglingsár og ekki nógu góður í íslensku eftir að hafa búið í ensku málumhverfi nær alla ævi. "Ég var aðeins á undan í skóla og fór beint í Menntaskólann við Hamrahlíð þegar við komum heim. Ég fór í alþjóðadeildina. Ég var farinn að missa íslenskuna aðeins eftir að hafa farið í gegnum grunnskólakerfi á ensku. Ég taldi mér þetta fyrir bestu en ég myndi líka getað tekið mig á í móðurmálinu. Eftir námið í Hamrahlíðinni lá leiðin í Háskólann á Bifröst til náms í hagfræði. Ég bjó á Bifröst þann tíma sem ég stundaði námið þar. Ég er af síðustu árgöngunum sem bjó alfarið á staðnum vegna þess að skólinn var þá farinn að innleiða og þróa fjarnám sem er orðið eitt aðalatriðið í starfi hans í dag. Á þessum tíma var erfitt að fá húsnæði á staðnum en er orðið breytt í dag. Nú er hótelrekstur og fleira þar sem áður voru námsmannaíbúðir. Mér líkaði vel að búa á staðnum. Pabbi var sendur í sveit þegar hann var krakki. Þarna náði ég að upplifa það sama að ýmsu leyti. Meira að segja voru haldin sveitaböll. Gott að vera í sveitinni. Þetta er fallegt umhverfi og þarna fékk að upplifa Bifrastarstemninguna eins og hún var. Á Bifröst lauk ég gráðu í HHS, sem er blanda af heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Ég lauk síðan meistaranámi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Íslensku útrásarvíkingarnir voru kallaðir "cowboys" í Lúxemborg

Þá voru þið flutt í Breiðholtið. "Foreldrar mínir fluttu í Breiðholtið eftir heimkomuna frá Bandaríkjunum. Ef ég tel frávikið á Bifröst ekki með þá bjó ég þar. Lít á mig að miklu leyti sem Breiðhylting þótt viðkoman hafi verið víðar. Eftir að ég lauk MS náminu við Háskólann í Reykjavík fór ég að leita mér að vinnu. Einhverri alvöru vinnu fyrir utan að slá gras og fleira þess háttar sem ég hafði gripið til á námsárunum. Mig langaði til þess að starfa við eitthvað sem ég hafði verið að læra og fór að horfa til atvinnumöguleika á þeim vettvangi. Það lenti með að ég fór til starfa við JP Morgan bankann í Lúxemborg. Þetta var eftir hrunið og ég var fyrsti Íslendingurinn sem kom til starfa eftir það. Ég tók eftir því að horft var á mig sem mér fannst furðulegt.

Þessi mynd var tekin þegar Christina og ég fórum á okkar fyrsta stefnumót á Íslandi.

En svo komu skýringarnar. Íslendingarnir sem voru kallaðir „cowboys" í Lúxemborg störfuðu í Luxembourg City fyrir íslenska banka – banka útrásarvíkinganna. Starfsfólkið horfði upp á þá koma til Luxemborgar fyrir hönd íslensku bankanna, kaupa dýrustu húsin og keyra um á flottustu bílunum. Svo fór allt á hausinn hjá þeim og þeir hurfu eins fljótt og þeir komu. Margir höfðu áhyggjur þegar þeir sáu mig, að einn af þessum Íslendingum væri kominn til starfa innan raða JP Morgan. Ég sé ekki fyrir mér að starfsmenn JP Morgan myndu stunda sömu ævintýramennsku og íslensku bankarnir gerðu. JP Morgan er mjög gamall og íhaldssamur banki."

Mín reynsla er aftur á móti að þetta var ekkert sérstaklega spennandi. Ég sat á bak við skrifborð. Starf mitt var einkum fólgið í að fylgjast með sjóðum sem voru í stýringu hjá bankanum. Þetta voru stórir sjóðir á okkar mælikvarða og oft um háar tölur að ræða. Starfsemin var meðal annars fólgin í því að senda ákveðnar upplýsingar á milli landa. Til dæmis á milli Lúxemborgar, Manilla og Mumbay. Við bárum ábyrgð á að allt væri gert rétt. Oft þurftum við sem unnum við þetta að vera fljótir til starfa. Fengum stundum ekki nema eitt korter til þess að fara yfir stafla af tölum og finna út hvort allt stemmdi eða ekki. Og þá var eins gott að ýta á réttan takka að yfirferð lokinni því oft var um engar smáupphæðir að ræða. Ég fékk ágæta reynslu af að starfa í þessum heimi en ílengdist ekki þarna."

Ævintýri breytti heimsýn minni

Sigurjón er búinn að starfa á vettvangi Sjálfstæðisflokksins, er einn af stofnendum Viðreisnar og fyrsti launaði starfsmaður flokksins. Nú starfar hann fyrir Flokk fólksins. Hvað var til að hann flutti sig til í pólitíkinni. "Það er saga að segja frá því. Ég lenti í ævintýri sem breytti heimssýn minni. Þannig er að ég kynntist konu frá Suður Californíu. Við kynntumst þegar hún kom til Íslands á námskeið sem haldið var hjá Háskólanum í Reykjavík. Þegar námskeiðinu lauk fór hún aftur til Bandaríkjanna, þar sem við héldum sambandinu gangandi í gegnum netið. Svo kom hún aftur til Íslands og ævintýrið okkar hófst fyrir alvöru. Það reyndist erfitt að fá leyfi fyrir hana að dvelja hér á landi þar sem við vorum ekki gift. Við fengum lögmann til þess að vinna fyrir okkur þannig að hún fengi leyfi til þess að koma. Hann sagði okkur að vera rólegum og taldi líkur til þess að hún fengi að vera hér áfram. Svo gerist það að hún hringdi í Útlendingastofnun og fékk þau svör að hún hefði einn sólarhring til þess að hverfa frá landinu og ekki aðeins Íslandi heldur öllu Schengensvæðinu. Ef hún gerði það ekki gæti hún fengið margra ára bann við að koma aftur inn á svæðið. Þetta var bein hótun og fátt við henni að gera annað en

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÖDDIN

Bílinn sem við bjuggum í þrjá mánuði sem við vorum í Bandaríkjunum.

Christina að gefa kanínum að borða í Elliðarárdalnum.

Christina og ég á ströndinni í Suður Kalifornía.

að koma sér í burtu. Við keyptum næstu flugmiða til Californíu og pökkuðum því allra helsta niður í tvær litlar töskur. Christina er af mexíkóskum ættum. Er af annarri kynslóð innflytjenda frá Mexíkó. Hún er af fátæku fólki og þar kynntist ég fátækt í fyrsta sinn á ævinni. Þegar við komum út veitti ég athygli að margt fólk bjó í sama húsi. Ég fór að heilsa upp á fólkið. Hélt að þetta væri fjölskylda hennar. Ég áttaði mig síðan á að fólk bjó saman í húsum þótt það væri ekki allt fjölskyldutengt. Ég var að heilsa upp á alla nágrannana. Við vorum ekki með mikla peninga en keyptum okkur fjölskyldubíl sem við rifum sætin úr. Svo keyptum við dýnur og svefnpoka í Walmart og bjuggum í bílnum um tíma. Þetta gengur upp í Suður Kalifornía þar sem er stöðugur sumarhiti. Þessi dvöl okkar á heimaslóðum hennar endaði með því að við giftum okkar. Og nú eignum við fjögurra mánaða gamlan strák sem heitir Arnór Sigurjónsson eftir afa sínum. Þessi lífsreynsla. Að sjá hvernig fólk lifir í þessu umhverfi breytti mér. Ég fór að hugsa á annan hátt. Mannlífið er flóknara en ég hafði gert mér grein fyrir. Þarna tók ég ákvörðun um að hætta í stjórnmálum. Þegar við komum hingað heim fór ég að horfa í kringum mig. Kanna hvað hafði gerst á meðan við vorum í burtu. Þá tók ég eftir Ingu Sæland og flokknum sem hún var búinn að stofna. Þetta vakti áhuga minn og ég setti mig í samband við hana. Við forum að spjalla saman og það lenti með því að ég fór að vinna fyrir hana."

Breiðholtið sérstakur en vanmetinn staður

Víkjum aðeins að Breiðholtinu. „Eftir að hafa ferðast mikið og búið bæði á Austur- og vesturströnd Bandaríkjanna einnig í Brussel og í Lúxemborg þá tel ég Breiðholtið vera sérstakan og oft vanmetinn stað. Ég fékk fjölmenningu í arf af uppeldi í Breiðholti. Breiðholt var leiðandi í þeirri vinnu að taka á móti og starfa með fólki af öðrum þjóðum sem flutti hingað. Skólarnir voru framarlega í þessari vinnu og mér finnst sérstaklega gaman að hvað Fellaskóli kom af miklum krafti að þessu verkefni. Ég tala oft um Breiðholt sem New York Íslands. New York hefur oft verið kölluð „the melting pot Ameríka" eða fjölmenningarsamruni Ameríku. Rétt eins og New York þar sem margir menningarheimar búa saman hefur Breiðholtið verið fjölmenningarborg Íslands. Ég átti í eitt ár sæti í starfshóp á vegum Reykjavíkurborgar sem sá um stefnumótun um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf. Á þeim tíma voru skólar í Breiðholti og sérstaklega Fellaskjóli leiðandi í þeirri vinnu. Ég tel að Breiðholtið hafi margt til að bera og fram að færa við mótun þess samfélags sem hér hefur myndast. Samfélag fjölmenningar. Ég get bent á fleira sem líkir Breiðholtinu við New York. Breiðholtið á sinn Central Park sem er Eilliðaárdalurinn. Að mínu mati er dalurinn fallegasta útivistarsvæði í Reykjavík. Fyrst eftir að konan mín sem er ættuð frá suður Kalifornía flutti hingað bjuggum við í mínu gamla hverfi sem er Breiðholtið. Hún átti erfitt með að venjast löngum og sólarlausum vetrardögum enda vön öðru. En það gladdi hana alltaf þegar við fórum ævintýraferðir um Elliðaárdaginn. Mér finnst að Elliðaárdalurinn ætti að vera friðaður rétt eins Central Park. Mér finnst óþolandi hvernig borgaryfirvöld vilja ganga á þetta græna svæði. Dæmi um það má nefna umdeilt deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn 2019 sem var samþykkt þrátt fyrir fjölda athugasemda og mótmæla – meðal annars frá Umhverfisstofnun. Samkvæmt skipulagi er opnað á að byggja stórt mannvikri í dalnum eða næsta nágrenni við hann. Ég fæ ekki séð hvernig rekstrarumhverfi þjónustufyrirtækis sem þar er gert ráð fyrir að geti risið muni verða til. Alla vega ekki nema með mikilli utanaðkomandi umferð og raski. Ég tel að varlega verði að fara að byggja í dalnum umfram sem þar er. En til að fullkomna samlíkingu Breiðholtsins við New York þá þyrfti bara að flytja Kauphöll Íslands í Mjóddina og búa þannig til lítið íslenskt Wall street í Breiðholtinu."

Forréttindi að búa í Breiðholti

„En af því við erum að tala um Elliðárdalinn þarf ég að nefna annað umdeilt mál," segir Sigurjón. „Það eru kanínurnar. Allt frá því í æsku hef ég haft mikla gleði af því að heimsækja kanínurnar, endurnar og gæsirnar sem margar hverjar sækja í svæðið kringum Skálará við Vesturlandsveg. Eða kanínuhúsið með fjólublaa þakinu eins og það er oft kallað í Breiðholtinu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur talað um að skera upp herör gegn þessum kanínum þar sem þær éta fóður og hlaupa út á Breiðholtsbrautina. Þótt þetta sé að sjálfsögðu skynsamlegt íhugunarefni þá vil ég spyrja Reykjavíkurborg hvar annars staðar í borginni sé hægt að umgangast frjáls dýr. Mér hefur alltaf fundið það vera forréttindi að hafa þennan möguleika í Breiðholtinu. Ef farið verðu út í að reisa stór mannvirki á þessu svæði eins og umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar vil gera myndi það eyða mýrinni sem er undirstaða fuglalífs á svæðinu. Mér finnst þetta sorglegt. Þessi þróun minnir mig á baráttuna við að vernda lífríki Reykjavíkurtjarnar sem lengi var til umræðu í borginni. Mér finnst núverandi stjórn Reykjavíkurborgar ekki eins umhverfissinnuð og hún vil vera láta. Ef ég á að horfa til annarrar áttar í Breiðholtinu þá þykir mér vænt um græna svæðið fyrir neðan Ölduselsskóla. Þar eru flottar og víðar gangbrautir, litlir lækir og leiksvæði fyrir börn. Ólíkt New York er gott pláss fyrir fjölskyldubíla í Breiðholti. Það er líka hægt að stunda hestamennsku í Elliðaárdal og í Víðidal. Þótt ég búi ekki í Breiðholti sem stendur eru mikil forréttindi að búa þar."

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929

Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700

Hilmar Jónasson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500

Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali

Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur fasteignasali

2016
Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Elliðaárnar voru hreinsaðar 11. júní

Ótrúlegust hlutir hafa komið upp úr Elliðaánum á hreinsunardögum. Þetta farartæki fannst í ánum fyrir tveimur árum. Myndin er af síðu SVFR.

Hin árlega hreinsun Elliðaánna fór fram fimmtudaginn 11. júní sl. Um er að ræða árlegan viðburð á vegum Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Árnefnd Elliðaánna hefur annast skipulagningu og utanumhald þessa verkefnis og svo var eins að þessu sinni.

Þátttaka í þessu verkefni hefur farið vaxandi undanfarin ár og hafa fjölmargir félagsmenn brugðist vel við ákalli SVFR um þátttöku. Öllum er frjálst að leggja hönd á plóg enda eru allir velunnarar Elliðaánna velkomnir. Elliðaárnar og útivistarsvæðið í Elliðaárdalnum er afar vinsælt útivistarsvæði sem allir geta notið og það að svæðið sé hreint og snyrtilegt er okkar allra mál.

www.borgarblod.is

Nemendaverðlaun skóla og frístundaráðs

Shkelzen, Quyen Tu Nguyen og Sólbjörg á meðal verðlaunahafa

Allur hópurinn sem hlaut nemendaverðlaun skóla og frístundaráðs að þessu sinni.

Shkelzen Veseli nemandi í 10. bekk Fellaskóla hlaut Nemendaverðlaunum Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Shkelzen var tilnefndur fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum, leiðtogahæfileika og félagshæfni. Sólbjörg Björnsdóttir úr Hólabrekkuskóla var tilnefnd fyrir listræna hæfileika og einstaka danshæfileika, en dansatriði hennar hafa verið stór hluti af Skrekks atriðum Hólabrekkuskóla síðastliðin þrjú ár. Quyen Tu Nguyen í 8. bekk. Ölduselsskóla hlaut einnig verðlaun ráðsins.

Alls bárust 31 tilnefning að þessu sinni, frá grunnskólum í Reykjavík, um nemendur sem skara fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt frábæra frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfs. Verðlaunahafarnir í ár voru allt frá nemendum í öðrum bekk upp í nemendur í tíunda bekk. Sú hefð hefur skapast að veita verðlaunahöfum bókarverðlaun og hafa þær bækur sem hlotið hafa Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eða verið tilnefndar, það árið yfirleitt orðið fyrir valinu. Í ár hlutu þrjár bækur barnabókaverðlaunin. Yngstu verðlaunahafarnir fengu bókina Vigdís, bókin um fyrsta konuforsetann eftir Rán Flygenring. Nemendur í 7. bekk fengu bókina Kjarval málarinn sem fór sínar eigin leiðir eftir Margréti Tryggvadóttur. Nemendur í 8. og 10. bekk fengu ýmist bókina Nornin eftir Hildi Knútsdóttur eða Villueyjar eftir Ragnhildi Hólm.

Shkelzen Veseli tekur við viðurkenningu úr hendi Skúla Helgasonar, formanni skóla- og frístundaráðs.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Hlakkar til að starfa í endurnýjuðu útibúi

- Nýr útibússtjóri Landsbankans leigði íbúð í Seljahverfi eftir að hún flutti frá Hólmavík þegar hún var 15 ára

María Jósteinsdóttir, nýr útibússtjóri Landsbankans í Mjódd.

Eitt af fyrstu verkefnum Hildar Maríu Jósteinsdóttur, nýs útibússtjóra Landsbankans í Mjódd, verður að fylgja eftir breytingum sem verða gerðar á útibúinu í sumar. Útibúið verður endurnýjað að verulegu leyti, hraðbönkum fjölgað og þeir gerðir aðgengilegri og aðstaða til að veita fjármálaráðgjöf bætt til muna. „Því miður er ekki hjá því komist að loka útibúinu um tíma á meðan á framkvæmdunum stendur en við hlökkum mikið til að taka á móti viðskiptavinum þegar þær eru yfirstaðnar," sagði Hildur María í viðtali við Breiðholtsblaðið.

Bæjarbragur í Seljahverfi

Hildur María þekkir ágætlega til í Breiðholti en hún bjó um tveggja ára skeið í Seljahverfi. „Ég ólst upp á Hólmavík en flutti í bæinn eftir 10. bekk til að fara í nám. Það voru auðvitað töluverð viðbrigði að flytja úr litlu þorpi, þar sem allir þekkja alla, til borgarinnar þar sem mannfjöldinn er auðvitað margfalt meiri. Fyrstu tvö árin leigði ég íbúð í Seljahverfinu og kunni ákaflega vel við mig þar. Í Seljahverfi var og er skemmtilegur bæjarbragur. Þar var góð hverfisverslun og frábær vídeóleiga í Hraunberginu þar sem ég leigði býsna margar spólur á þessum tveimur árum. Þessi hverfisbragur hentaði mér vel, nýfluttri á mölina."

Fleiri nýta sér tæknina

Hildur María hóf störf sem útibússtjóri á sérstökum tímum; útibúum Landsbankans var lokað um nokkurra vikna skeið vegna Covid-19 og nýbúið var að opna aftur þegar hún tók við. „Ég held að við höfum lært margt af þessum aðstæðum, bæði við starfsfólkið og viðskiptavinir okkar. Þótt útibúunum hafi verið lokað var áfram hægt að fá nánast alla bankaþjónustu á netinu eða í Landsbankaappinu og við settum líka aukinn kraft í þjónustu í síma og í netspjalli. Sumir viðskiptavinir okkar sem hafa verið hikandi við að nýta sér tæknina fóru margir að kynna sér hana meðan á lokununum stóð og komust að því að það er einfalt að millifæra, borga reikninga og ýmislegt annað sem þeir gerðu áður með aðstoð gjaldkera eða þjónustufulltrúa í útibúi. Faraldurinn ýtti þannig undir notkun stafrænna lausna og við sjáum að eftirspurnin eftir þjónustu gjaldkera heldur áfram að minnka."

Mælum með að fólk panti tíma

Um leið og Landsbankinn lokaði útibúunum var opnað fyrir tímapantanir fyrir ráðgjöf. Hægt var að panta tíma á vefnum eða með því að hafa samband, annað hvort í gegnum síma, tölvupóst eða netspjallið. „Við fundum að viðskiptavinir kunnu vel að meta möguleikann á að panta tíma fyrirfram og þess vegna munum við áfram bjóða upp á tímapantanir. Og þótt við afgreiðum og tökum að sjálfsögðu vel á móti fólki sem ekki er með pantaðan tíma eru tímapantanir fyrir hvers konar ráðgjöf betri kostur sem við mælum eindregið með. Þannig náum við í bankanum að undirbúa okkur betur fyrir ráðgjöfina og viðskiptavinir komast hjá óþarfa bið," segir Hildur María.

Breytingar á útibúinu í sumar

Breiðholtsútibú Landsbankans í Mjódd opnaði í september árið 1982. Eins og við er að búast hefur nokkrum sinnum verið ráðist í ýmsar breytingar og endurnýjun á innanstokksmunum. Nú er aftur komið að viðhaldi og breytingum og munu framkvæmdir hefjast í sumar. Helstu breytingarnar felast í því að bætt verður við hraðbönkum og öðrum sjálfsafgreiðslutækjum og aðstaða til að veita fjármálaráðgjöf verður aukin. Um leið verða gjaldkerastúkur aflagðar og aðeins verður hægt að taka út og leggja inn í hraðbönkum. „Við erum mjög spennt fyrir þessum framkvæmdum og hlökkum til að taka til starfa í endurnýjuðu útibúi. Það verður áfram hægt að fá nánast alla sömu þjónustu og áður og við verðum til taks til að aðstoða viðskiptavini við að nýta sér sjálfsafgreiðslutækin. Við munum verða með gjaldeyrishraðbanka og hraðbanka sem bæði er hægt að nota til að taka út og leggja inn. Við finnum að sumir eru hikandi við svona tæki en um leið og fólk prófar þau kemst það upp á lagið. Eftir breytingarnar verða sjálfsafgreiðslutækin aðgengileg allan sólarhringinn, líka gjaldeyris- og innlagnarhraðbankarnir. Á undanförnum árum hefur erindum sem fólk á við gjaldkera fækkað mikið en þörfin fyrir hvers kyns fjármálaráðgjöf er óbreytt eða jafnvel enn meiri. Breytingarnar á útibúinu endurspegla þessa þróun." Þegar rætt var við Hildi Maríu lá ekki endanlega fyrir hvenær framkvæmdir myndu hefjast en það verður auglýst sérstaklega þegar það liggur fyrir.

Endurnýjun og framkvæmdir

Það er því ekki aðeins verið að endurnýja torg- og útisvæði við Mjóddina heldur einnig hið rótgróna Landsbankaútibú, sem er eina bankaútibúið í Breiðholti. „Við fylgjumst spennt með þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi í Mjóddinni og þeirri uppbyggingu sem er að fara af stað víða í Breiðholti. Endurbæturnar á útibúinu er góður liður í þessari endurnýjun í hverfinu," segir Hildur María að lokum.

Starfsfólk Landsbankans í Mjódd. Efri röð frá vinstri: Sigríður E. Ásgeirsdóttir, Hafsteinn Briem, Daníel Breki Barðason og Kjartan Á. Breiðdal Neðri röð Svandís Ó. Stefánsdóttir, Sigurbjörg Halldórsdóttir, Hildur M. Jósteinsdóttir, Karolína Malinowska, Olga H. Pétursdóttir og Andrea Torfadóttir.

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

Ingólfur Geir Gissurarson, Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari. 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356
Snorri Snorrason, Löggiltur Fasteignasali. 895 2115
Úlfar F. Jóhannsson, hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð. 692 6906
Margrét Sigurgeirsdóttir, Skrifstofustjóri. margret@valholl.is 588 4477
Pétur Steinar Jóhannsson, Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi 893 4718
Anna F. Gunnarsdóttir, Löggiltur Fasteignasali. Lista og innanhús Stilisti 892 8778
Sturla Pétursson, Löggiltur Fasteignasali. 899 9083
Rakel Árnadóttir, Lögg. Fasteignasali. Mannfræðingur/ alþjóðatengill 895 8497

Í tilefni 25 ára afmælis Valhallar fasteignasölu, bjóðum við 25% afslátt!

Hafið samband við sölumenn og fáið tilboð!

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

FB útskrifaði 144 nemendur

Alls útskrifuðust 144 nemendur frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti með samtals 154 lokapróf á þessu vori. 10 útskrifuðust með tvö próf. Alls voru það 67 sem útskrifuðust með stúdentspróf, 25 húsasmiðir, 26 rafvirkjar, 17 sjúkraliðar, 10 útskrifuðust af snyrtibraut og 9 af starfsbraut.

Þorgeir Ólafsson var dúx skólans en hann lauk bæði stúdentsprófi og prófi í rafvirkjun og hlaut bæði Menntaverðlaun Háskóla Íslands og verðlaun fyrir bestan árangur á rafvirkjabraut og stúdentsprófi. Birta María Pétursdóttir útskrifaðist bæði sem stúdent og sjúkraliði og fékk viðurkenningu fyrir góðan námsárangur frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella. Þá hlaut Sóli Gunnars viðurkenningu frá Rótarýklúbbi Breiðholts fyrir félagsstörf. Melkorka Rós Hjartardóttir söng við athöfnina við pianóleik Fannars Pálssonar en þau luku bæði stúdentsprófi af opinni braut og fengu auk þess verðlaun fyrir góðan árangur í tónlist.

Þorgeir Ólafsson lauk námi af rafvirkjabraut og einnig námi til stúdentsprófs á þremur árum. Hann var auk þess dúx skólans að þessu sinni. Hér er hann með útskriftarverðlaun og húfurnar. Rauða húfan er tákn rafvirkjabrautarinnar og sú hvíta stúdentsprófsins.

Birta María Pétursdóttir útskrifaðist bæði sem stúdent og sjúkraliði og fékk viðurkenningu fyrir góðan námsárangur frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella.

Sóli Gunnars hlaut viðurkenningu frá Rótarýklúbbi Breiðholts fyrir félagsstörf.

SmiðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM
Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.
Við höfum góða reynslu í þessum efnum.
smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur

www.borgarblod.is

FB
Kvöldskóli FB
Haustönn 2020
Skráning í Kvöldskóla FB á www.fb.is
Laust er í ákveðna bóklega áfanga
Danska
Enska
Íslenska
Stærðfræði
Heilbrigðisfræði
Næringarfræði
Upplýsingatækni
Sálfræði
Sjá nánar á heimasíðu skólans
www.fb.is - Kvöldskóli - Áfangar í boði

Breiðholt 3 Fella- og Hólahverfið

- húsnæðisvandinn rak á eftir framkvæmdum

Þegar Breiðholtið var skipulagt í fyrstu var ekki gert ráð fyrir þeirri byggð sem reis í þeim hluta sem kallað er Efra Breiðholt. Samkvæmt tillögum í aðalskipulagi höfði áætlanir miðast við að í fjarlægð framtíð myndi um fimm þúsund manna byggð rísa þar. Þetta gekk ekki eftir. Svo fljótt var þrýst á um framkvæmdir að Efra Breiðholt sem er nefnt Breiðholt 3 var byggt á undan Seljahverfinu sem er kallað Breiðholt 2.

Séð yfir stærsta íbúðarhús landsins við Asparfell og Æsufell í Efra Breiðholti.

En hvað gerðist. Reynslan af Neðra Breiðholti og einkum af Bakkahverfinu var að koma í ljós. Með byggingu þess hafði tekist að höggva nokkuð í þann hnút sem húsnæðismál voru í. Margar fjölskyldur höfðu geta komið sér upp framtíðar húsnæði og nokkuð hafði gengið að útrýma kassafjalaskúrum og herbyggingum sem fólk hafði notast við sem bústaði og virtist ekki eiga möguleika út úr. En sagan var ekki öll. Margt fólk bjó enn við óviðunandi búsetuskilyrði. Ef takast ætti að útrýma heilsuspillandi og öðru óviðunandi húsnæði í Reykjavík varð að halda áfram. Þessi knýjandi þörf fyrir áframhaldandi byggingu íbúðarhúsnæðis varð til þess að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar sóttist eftir byggingarlandi undir næstu áfanga. Nefndin horfði til efri hluta Breiðholtsins og fór fram á að fá að skipuleggja svæðið sjálf. Þetta varð til þess að ákveðið var að afhenda nefndinni svæðið uppi á Breiðholtshvarfinu umhverfis Sauðhólsmýrina.

Að halda kostnaði í lágmarki

Reynslan af byggingu Bakkahverfisins hafði sýnt að nauðsynlegt var að bæta tækni við svo stórtækar byggingaframkvæmdir sem framkvæmdanefndin stóð fyrir. Í ljós hafi komið að dýrara væri að byggja U-laga bygginga en Bakkarnir sem hannaðir eru af Birni Ólafs arkitekt sem starfað hefur í París eru byggðir á því formi. Lagði nefndin til að áhersla yrði lögð á að koma mætti stórvirkum vinnuvélum að byggingu húsa auk þess að vinna mætti í fjöldaframleiðslu. Var þetta einkum hugsað til þess að halda kostnaði við byggingaframkvæmdirnar í lágmarki. Arkitektarnir Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur Hróbjartsson voru fengnir til þess að skipuleggja nýtt hverfi. Þeir lögðu til að ráðist yrði í mun þéttari byggð en gert var ráð fyrir í aðalskipulagi. Byggð með allt að tólf þúsund íbúum. Til að koma svo mörgum íbúðum fyrir á svæðinu var ljóst að leggja þyrfti áherslu á að byggja fjölbýli. Var hafist handa við að skipuleggja byggð samkvæmt því og eru um 82% allra íbúða í Efra Breiðholti í fjölbýli.

Tuttugu stigagangar við þrjár götur

Fá ef nokkur líkindi eru með Breiðholtshverfunum þremur. Neðra Breiðholt er byggt á hugmyndinni um U-laga fjölbýlisbyggingar. Seljahverfið er hverfi einbýla og raðhúsa þótt ákvörðun hafi verið tekin um byggingu nokkurra stærri fjölbýla. Eitt af því sem áhersla var lögð á við skipulag Efra Breiðholts var hönnun langra bygginga þar sem engin uppbrot voru og lítið um gafla sem þóttu auka byggingarkostnað. Móderistar í byggingalist höfðu um tíma horft til óbrotinna lína í húsbyggingum og þarna gafst hönnuðum hverfisins tækifæri til að útfæra slíkar hugmyndir. Útkoma vinnu þeirra var lengsta blokk landsins. Blokk sem nær samfell um 300 metra frá austri til vesturs. Alls eru 20 stigagangar í blokkinni og hún stendur við þrjár götur. Sitt sýndist hverjum um þessar hugmyndir og jukust gagnrýnisraddir eftir því sem byggingin reis af grunni. Fljótlega var farið að uppnefna bygginguna og festist nafnið "langavitleysa" við hana alla vega um tíma. Skipuleggjendur töldu á hinn bóginn að finna mætti ýmsa kosti við þetta skipulag byggingar. Auk þess að spara fé sem færi í að byggja óþarfa gafla með tilheyrandi einangrun gæfi samfellan kost á að stýra umferð gangandi vegfarenda til og frá hverfinu og húsið beindi einnig gangandi umferð skólabarna að ákveðinni gangbraut.

Félagslegur vandi

Lengi hefur verið deilt um ágæti þessa byggingaskipulags. Löng hús hafa sjaldnast verið talin koma vel úr auk þess að skera hverfi í sundur, hindra gangandi vegfarendur og loka fyrir útsýni. Þarna var gert ráð fyrir að um félagslegar íbúðir yrði að ræða. Þar byggi fólk sem þyrft á félagslegum stuðningi að halda. Aldrei hefur reynst vel að þjappa fólki sem búið hefur við félagslegan vanda saman í stórar húseiningar. Betur hefur reynst að dreifa slíkum íbúðum. Má leiða líkum að því að það orðfar sem lengi fór af Breiðholti og erfitt hefur reynst að kveða niður að fullu eigi sér uppruna og rót í þessum fjölbýlishúsabyggingum.

Frístundahúsbyggjandinn þjóðhagslega óhagkvæmur

Annað sem einkenndi byggingu Efra Breiðholts er hús sem stundum var nefnt kastalinn. Er það blokkin sem byggð var við Asparfell og Æsufell nánast við enda "lönguvitleysunnar". Hrafnkell Thorlacius arkitekt teiknaði húsið ásamt Birni Emilssyni tæknifræðingi. Breiðholt stóð að byggingu þess og sölu íbúða sem ekki voru byggðar í félagslega kerfinu. Áhersla var lögð á aukna vélvæðingu á byggingarsvæði líkt og þegar "langavitleysan" svokallaða var byggð. Páll Friðriksson sem var byggingarstjóri við Æsufell lét hafa eftir sér í blaðaviðtali í september 1971 að frístundahúsbyggjandinn væri þjóðhagslega óhagkvæmur. Þar átti hann við þá sem byggðu hús sín sjálfir og keyptu vinnu af ýmsum iðnaðarmönnum. Segja má að bygging Breiðholtsins hafi ýtt nýjum aðferðum við húsbyggingar af stað. Fyrirtæki fóru í auknum mæli að annast byggingaframkvæmdir í stað einstaklinga.

Austurbergið er miðbæjargata

Við byggingu Hólahverfis sem er hluti Efra Breiðholts og stendur norðan Fellanna var á margan hátt stuðst við sambærilegar hugmyndir og í Fellunum. Ekki var þó ráðist í ofurlangar blokkabyggingar eða stórhýsi á borð við "kastalann" við Asparfell og Æsufell. Hverfið er byggt í hring en utan hans standa einbýlishús fyrir norðan sjálft hverfið og snúa í átt að Elliðárdalnum. Stærsti hluti Hólana saman stendur af háum blokkarbyggingum með miklum þéttleika. Tvær tengigötur tengja Fella- og Hólahverfin saman. Vesturberg og Austurberg. Austurberg er einskonar miðbæjargata Fella og Hóla. Þar eru ýmsar þjónustustofnanir. Hólabrekkuskóli, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Breiðholtslaugin, Íþróttahús og líkamsræktarstöð á vegum World Class og íþróttasvæði Leiknis. Hinum megin götunar má nefna Heilsugæsluna í Efra Breiðholti, Tónskóla Sigursveins, Miðberg miðstöð frístunda- og ungmennastarfs í Breiðholti og síðast en ekki síst Menningarhúsið Gerðuberg. Gerðuberg á sér þá sögu að afgangur varð að fjármunum sem varið var til bygginga á vegum framkvæmdanefndar. Var ákvörðun tekin um að nýta þá til þess að byggja menningarmiðstöð í þessum nýja borgarhluta. Útibúi Borgarbókasafnsins var komið fyrir í Gerðubergi. Hafið var öflugt félagsstarf fyrir eldri borgara, listsýningar voru settar upp og allskyns menningartengd starfsemi efld. Gerðuberg er fyrsta menningarlega starfseiningin sem komið var á fót í Reykjavík.

Útilistaverkum hefur verið komið fyrir í Efra Breiðholti. Hér er veggmyndin Fjöðrin eftir Söru Riel. Myndin er samsett úr 43 fuglum af 23 tegundum sem skapa eina heild. Hún segir verkið vera tilvísun í umhverfið þar sem ólíkir einstaklingar skapa eina heild og samfélag.

Fjölmenningarhverfi

Á síðari árum hefur fjöldi fólks sem flutt hefur hingað til lands sest að í Efra Breiðholti. Íbúðaverði hefur lengst af verið ívið lægra í þessum borgarhluta en annar staðar sem kann að eiga þátt í áhuga fólk sem komið er lengra að um að fjárfesta í húsnæði. Þetta hefur orðið til þess að myndast hefur fjölbreytt fjölmenningarsamfélag í byggðinni. Margt hefur verið gert til þess að auðvelda aðlögun fólks að breyttum heimkynnum og hefur Fellaskóli gjarnan farið þar fremstur á meðal jafningja. Oft hefur verið rætt um að mörg mistök hafi verið gerð við byggingu þessa hluta Breiðholtsins – bæði í skipulagi og byggingum og einnig að samsetning íbúa hafi ekki reynst eins og best var á kosið. Íbúasamsetningin hefur breyst mikið einkum með tilkomu aðflutts fólks sem fyrir löngu er farið að setja skemmtilegan svip á byggðina.

STÆRSTI JÚLÍ FRÁ UPPHAFI Í KEILUHÖLLINNI

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN

FIM. **25. JÚNÍ & 16. JÚLÍ** KL. **21:00**

PÖBB QUIZ

NEI. HÆTTU NÚ ALVEG

VILLI NAGLBÍTUR

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

FIM. **02. JÚLÍ**
KL. **21:00**

DR. FOOTBALL

HJÖBB QUIZ

STÓRSKEMMTILEGT FÓTBOLTA-QUIZ HJÖRVARS HAFLIÐA

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

FIM. **9. JÚLÍ** KL. **21:00**

PÖBB QUIZ MEÐ HELGA & HJALMARI

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

SUN. **19. JÚLÍ**
KL. 13:00

FJÖLSKYLDU BINGÓ SVEPPA

FIM. **23. JÚLÍ** KL. 21:00

RISA FULLORÐINS BINGÓ SVEPPA

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23

ÞAÐ VERÐUR ÞJÓÐHÁTÍÐ Í KEILUHÖLLINNI

FÖS. **26. JÚNÍ** & LAU. **25. JÚLÍ**
KL. **21:00**

SVERRIR BERGMANN & HALLDÓR FJALLABRÓÐIR

BREKKUSÖNGUR

FÖS. **10. JÚLÍ**
KL. **21:00**

INGÓ VEÐURGUÐ & BJÖSSI SAX

BREKKUSÖNGUR

FÖS. **17. JÚLÍ**
KL. **21:00**

JÓN JÓNSSON & FRIKKI DÓR

BREKKUSÖNGUR

FIM. **30. JÚLÍ**
KL. **21:00**



HREIMUR

BREKKUSÖNGUR

FRÍTT INN

HAPPY HOUR FRÁ KL. 21-23
FIMMTUDAGA FÖSTUDAGA LAUGARDAGA

BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR. EÐLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. **BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRÐ) 2.490 KR.** KJÚKLINGAVÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EÐA HEFÐBUNDNIR 2.490 KR. **STÓR Á KRANA 990 KR.** GOS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

Mun örugglega vinna við eitthvað tengt rafmagni

- segir Þorgeir Ólafsson sem lauk námi í rafvirkjun og tók stúdentspróf frá FB í vor auk þess að vera dúx skólans

"Þetta kostaði mikla skipulagningu að gera þetta svona. Ég var nánast alltaf í skólanum. Þurfti að vera í kvöldskólanum flest kvöld því öll námskeið voru ekki í boði í dagskólanum. Og svo þurfti ég að læra um helgar. Ég gat ekkert verið í íþróttum en reyndi að taka þátt í félagslífi eftir föngum því ég er félagslyndur. Ég hugsa að ég sé fremur svefnléttur. Alltaf átt auðvelt með að vakna á morgnana jafnvel þótt ég hafi ekki alltaf farið snemma að sofa," segir Þorgeir Ólafsson dúx Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

"Ég fór í framhaldsnám þegar framhaldsskólinn var orðinn þriggja ára skóli og rafvirkjunin er líka orðin þriggja ára nám. Þannig að ég var að ljúka sex ára verkefni á þremur árum. Því var aldrei markmið að dúxa og þetta kom mér talsvert á óvart. Ég hélt þó að ég yrði á meðal þeirra tíu efstu en gerði fastlega ráð fyrir að einhver yrði hærri en ég." Þorgeir segist snemma hafa fengið áhuga á rafvirkjum. "Ég kem þó ekki úr rafvirkjafjölskyldu og er fyrsti fjölskyldumeðlimurinn sem lýk iðnnámi utan að annar afi minn var matreiðslumaður. Nú er ég að læra fyrir sveinsprófið í rafvirkjun og stefni að að vinna sem rafvirki í sumar en ég hef unnið undanfarin tvö sumur við rafvirkjunina og einnig um jólin."

Ég nýt vinnunnar

Þorgeir segist njóta vinnunnar. "Ég hef mikinn áhuga á öllu sem við kemur rafmagni og vinnan hefur verið mér svona hálfgert frí fá náminu. Ég íhugaði að taka mér námshvíld og vinna – kannski eitt eða tvö ár og hefja síðan háskólamál en ákvað á endanum að halda beint áfram. Það er ákveðin áhætta fólgin í því að taka sér pásu frá námi. Hún er að maður byrji ekki aftur. Ég er því ákveðinn að halda áfram og fara í rafmagnsverkfræði í haust."

Mun örugglega vinna við eitthvað tengt rafmagni

Þegar tíðindamaður hitti Þorgeir á Te og Kaffi á laugardagsmorgni var hann á leið í sveitina. Er hann sveitamaður í sér. Kveður nei við því en bætir við. "Langafi minn var bóndi á Flugumýri í Skagafirði og jörðin er í eigu og rekstri fjölskyldunnar. Ég hef alltaf gaman af að skreppa þangað þótt ég hafi í raun ekki áhuga á búskap. Mér finnst alltaf gott að koma í Skagafjörðinn. Ágæt hvíld frá hinum daglegu störfum. Vinnan við rafvirkjunina gefur mér líka svolítið rými. Ég er að vinna að ákveðnum verkefnum og get aðeins fært mig til. Þetta væri erfiðara ef ég væri að vinna til dæmis í BYKO. Þar þarf alltaf einhver að vera á kassanum." En hvað ætlar Þorgeir sér að verða að námi loknu. "Nú er spurt stórt. Ætli ég verði ekki að ljúka náminu og sjá svo til. En það verður örugglega tengt rafmagni."

Þorgeir við Volkswagen Poloinn tilbúinn að leggja upp í Skagafjörðinn.

Hönnun og nýsköpun í

Fablab áfanga Kvöldskóla FB

Þú lærir að nota:

leiserskera
vínilskera
þrívíddarprentara

Þú vinnur með:

tré
plexígler
vínilfilmur

Kennt verður í Fablab Reykjavíkur í FB
16. september - 11. nóvember
Verð 18.000 kr.
Innritun á www.fb.is
kvold@fb.is

Fab Lab skapandi námsefni í Breiðholti

Frá kennslu í notkun Fab Lab.

Fab lab verkefnið Skapandi námssamfélag í Breiðholti er eitt þeirra verkefna sem hlýtur styrk og verður samstarfsverkefni frístundastarfs, leik- og grunnskóla í Breiðholti.

Um er að ræða samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, Háskóla Íslands, Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmiðju HÍ sem fær sex milljónir en verkefnið fékk líka styrk á skólaárinu sem er að ljúka.

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM
Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD

ÁFRAM ÍR

Breiðholtsblaðið www.borgarblod.is

Aukakrónur
Gerðu eitthvað skemmtilegt í sumar með Aukakrónum
Skór í fjallgönguna
Snarl í ferðalagið
Föt fyrir sumarið
Grill í garðinn
Ferðalög um landið
Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is/aukakronur

AS WE GROW

VIÐ SENDUM FRÍTT
HEIM AÐ DYRUM

aswegrow.is

Menningarnótt með breyttu sniði

Tækifæri fyrir Breiðholt

Í ár verður Menningarnótt með breyttu sniði til þess að stefna ekki of miklum mannfjölda saman í samræmi við tilmæli almannavarna vegna Covid-19 ástandsins. Hátíðin dreifist því yfir 10 daga og fer fram dagana 13. til 23. ágúst. Veittir verða styrkir á bilinu 100.000 til 500.000 krónur. Listafólk, íbúar, rekstraraðilar, félagasamtök og allir áhugasamir geta sótt um styrki. Allt er þetta gert til að lífga upp á miðborgina í nafni menningarnætur, þessari þátttökuhátíð sem borgarbúar skapa og upplifa saman.

Hægt er að sækja um í Menningarnæturpottinn til 3. júlí næstkomandi. Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Landsbankans sem verið hefur máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi.

Í ár verður tækifæri til að gleðjast saman, nótt eftir nótt því borgin mun lifna við í samvinnu við listafólk og hönnuði, plötusnúða og tónlistarfólk, leikhúsfólk og sirkuslistamenn og rithöfunda svo ekki sé minnst á gesti og gangandi. Áhugasamir Breiðhyltingar ættu ekki að hugsa sig um. Nú er tækifæri fyrir Breiðholt að fá hluta menningarnætur til sín.

Leikið á selló á menningarnótt.

Systrasamlagið
Erum á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

ÁÞENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298

Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn
og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhvefisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is

CABAS verkstæði · TM · SJÓVÁ · VÍS · vörður

Þegar kemur að vandaðri vinnu

Valdi í Hjólakrafti er Reykvíkingur ársins

Valdi í Hjólakrafti eða Þorvaldur Danílesson eins og hann heitir fullu nafni var valinn Reykvíkingur ársins 2020 og veiddi af því tilefni fyrsta laxinn við opnun Elliðaánna. Hefð er orðin fyrir því að útnefna Reykvíking ársins á opnunardegi ánna og fær hann að renna fyrir fyrsta laxinn. Þorvaldur mætti galvaskur á árbakkann þótt hann hafði orðið fyrir því óhappi að slíta hásin í byrjun vikunnar. Hann sat því á kolli á bakkanum við veiðarnar í stað þess að vaða út í ána enda styðst hann við hækjur þessa dagana. Það kom ekki að sök og laxinn skilaði sér á land.

Valdi er stjórnmálafræðingur og MBA hefur unnið að eftirtektarverðu verkefni undanfarin ár. Nefnist það Hjólakraftur og byggist á því að tengja ungmenni við hjólreiðar og nota hjólreiðarnar til þess að koma fólki af stað. Hann er kominn í samstarf við borgarhluta, sveitarfélög víða um land og einnig fyrirtæki sem sýnt hafa þessu framtaki hans verðugan áhuga og stuðning í verki. Keppendur á vegum Hjólarafts hafa meðal annars tekið þátt WOW Cyclothon og nú er hann að vinna að því að fara af stað með eitt af verkefnum Hjólakrafts í Breiðholti. Þorvaldur á sjálfur rætur í Breiðholti því hann fluttist með foreldrum sínum úr Fossvoginum í Seljahverfið 10 ára gamall.

Náðu Wow Cyclothon um sumarið

"Ég fékk hugmynd að því að fara af stað með forvarnarverkefni í samvinnu við Heilsuskóla Landspítalans en þar voru krakkar sem höfðu fæstir verið mikið að hreyfa sig. Þetta voru fyrstu krakkarnir sem ég náði út að hjóla. Ég sagði við þau fyrstu eftir að þau höfðu tekið þátt í námskeiði hjá mér að ef þau yrðu dugleg að æfa sig um veturinn myndum við taka þátt í Wow Cyclothon um sumarið. Ég hafði samband við Skúla Mogensen og hann var til í að gefa þessu tækifæri þótt þau væru of ung fyrir keppnina. Þetta tókst mjög vel og krakkarnir stóðu við sitt og hjóluðu hringinn. Við fengum umfjöllun í fjölmiðlum um þetta og vorum varla lögð af stað þegar síminn byrjaði að hringja. Ég var spurður að því hvort þetta gæti ekki hentað ungu fólki með ADHD og krökkum í alls konar vanda. Ég svaraði því til að Hjólakraftur væri bara fyrir alla. Hjólin hafa bara ekki hætt að snúast síðan."

Ég sé mun

Þorvaldur kveðst oft sjá mikinn á krökkum sem hafa tekið þátt í hjólakrafti. "Krakkar hafa til dæmis tekið miklum framförum í námi. Krakkar sem voru næstum hætt að sinna því eru komin á fullt á ný og til þess var leikurinn upphaflega gerður. Útivera og áreynslan og ekki síst félagsskapurinn hefur þessi góðu áhrif. Því er ekkert að leyna. Þetta auðveldar krökkum að stýra hugsun sinni. Svo tel ég það vera góðan bónus að hjóla úti í náttúrunni og upplifa hana á nýjan hátt. En aðalmarkmiðið er að fólk sigrist á sjálfu sér.

Vinnur með grunnskólunum og FB

Valdi er í dag með samninga við ýmsa grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu en til hans koma einnig ungmenni úr framhaldsskólum eins og Fjölbraut í Breiðholti og Menntaskólanum í Kópavogi. Hann rekur nú höfuðstöðvar Hjólakrafts í húsnæði sem borgin leigði ódýrt út til ýmissa samtaka og einstaklinga í verslunarkjarna í Arnarbakka og er nýbúinn að standsetja annað húsnæði í Völvufelli í Efra-Breiðholti. Þar er m.a. klifurveggur og fleira skemmtilegt. „Starfsemin snýst einfaldlega um að ná ungu fólki úr vandvirkni í virkni," segir hann.

Var bara að vinna en varð að gera eitthvað fleira

„Þegar ég var tvítugur og eftir það snerist lífið bara um að vinna og vinna og koma sér fyrir í lífinu. En líkaminn var að grotna niður. Þannig að ég byrjaði að hjóla. Hjólreiðar eru frábært fjölskyldusport og góð hreyfing til að koma sér í form. Það geta allir hjólað sem hafa lært það einu sinni. Maður getur ef til vill ekki spilað fótbolta við börnin en það geta allir sem geta setið á reiðhjóli hjólað saman. Ég hef farið með krakka í Cyclothonið sex sinnum og það gerir ótrúlega mikið fyrir þau að taka þátt í þessu og klára það. Áherslan hjá okkur er að allir geti verið með. Það hafa allir gott af því að vera úti, reyna á sig og eignast nýja vini í gegnum hjólreiðarnar eða annað útivistarsport. Stærsti sigurinn felst svo í því að sigra sjálfan sig." Áhugasamir um Hjólakraft geta skoðað heimasíðu félagsins hjolakraftur.com og eins fylgst með á Facebook.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók vel á móti Valda við Elliðaárnar en hann styðst við hækjur þessa dagana vegna meiðsla á fæti.

Verið velkomin á Gamla Kaffihúsið

Nautasteik

með bakaðri kartöflu, steiktu grænmeti og bearnaisesósu

Aðeins kr.
2990 kr

Opnunartímar
Sunnudaga frá 12:00 til 20:30
Mánudaga - LOKAÐ
Þriðjudaga til Laugardags frá 12:00 til 21:00,

Matseðill

Kjúklingasalat 2100,-
Salat með hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

Laxasalat 2100,-
Salat með reyktum laxi, hvítlauksbrauði og hunangssinnepssósu.

Piri piri Kjúklingur 2480,-
Með steiktu grænmeti, sveita kartöflum og hvítlaukssósu.

Hamborgari 1860,-
Með stalati, rauðlauk, osti og frönskum kartöflum.

..og margt margt fleira

GAMLA KAFFIHÚSIÐ

Drafnarfell 18, 111 Reykjavík. Sími 511-1180. Nánari upplýsingar á gamlakaffihusið.is.

Þrír sóttu um Fellaskóla

Fellaskóli í Efra Breiðholti.

Þrír sóttu um að vera skólastjóri við Draumaskólann Fellaskóla en umsóknarfrestur rann út 18. maí síðastliðinn.

Þau eru Helgi Gíslason, Íris Anna Steinarsdóttir og Þórdís Sævarsdóttir. Fellaskóli er grunnskóli fyrir börn í fyrsta til tíunda bekk og stendur við Norðurfell 17 til 19 í Reykjavík. Nemendur eru u.þ.b. 330 og eru að jafnaði ein til tvær bekkjardeildir í árgangi.

Sumarlína íslenska vörumerkisins AS WE GROW slær í gegn

Íslenska sumarlína fatahönnunarmerkisins As We Grow hefur slegið í gegn og margir sem hafa lagt leið sína í nýja verslun vörumerkisins í Garðastræti 2, Reykjavík. Gréta Hlöðversdóttir framkvæmdastjóri og einn eigenda, segir það líka ánægjulegt hve margir hafi nýtt sér fríar heimsendingar upp að dyrum á höfuðborgarsvæðinu, en fyrirtækið hefur síðan í mars boðið upp á fríar heimsendingar um allt land og frítt upp að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu við miklar vinsældir.

Litirnir í sumarlínunni eru léttir og ýmis litbrigði náttúrunnar ráða ríkjum, ljósgrænn og brúnn og föl mynta kalla fram hugrenningatengsl um milda og frískandi sumarnætur, en efnin. Línan samanstendur af hörskyrtum, prjónapeysum úr hágæða mjúkri ull og lífrænni bómull og pilsum úr pima bómull sem og kjólum og fallegum sumargöllum í hvítum og bleikum litum. Litirnir eru léttir og ýmis litbrigði náttúrunnar ráða ríkjum, ljósgrænn og brúnn og föl mynta kalla fram hugrenningartengsl um milda og frískandi sumarnætur.

Sumarlína AS WE GROW er líkt og áður byggð á grunni merkisins, sjálfbærni og langlífi varanna og þeirri heimspeki að flíkur skuli gefa áfram til nýrra kynslóða. Tímalaus hönnunin er uppfull af gleði og töfrum og hverfist um þörf hvers barns að kynnast þessum stóra heimi sem við búum öll í. Vor- og sumarlínan fæst á öllum helstu sölustöðum As We Grow, í nýrri eigin verslun að Garðastræti 2, 101 Reykjavík og á vefsíðunni www.aswegrow.is.

Myndirnar tók Ari Magg ljósmyndari.

NOON
HÁRSTOFA
5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK

OPNUNARTÍMI HEILSUGÆSLUNNAR Í EFRA-BREIÐHOLTI

Síðdegisvaktin verður framvegis opin milli 16 og 17 alla virka daga. Við beinum því til skjólstæðinga okkar að koma snemma á vaktina en einnig er velkomið að leita á dagvaktina milli klukkan 8 og 16.

HEILSUGÆSLAN EFRA-BREIÐHOLTI

OPENING HOURS IN EFRA-BREIÐHOLT PRIMARY HEALTH CLINIC

The afternoon clinic will continue to be open between 4-5 pm only. For the afternoon clinic it is advised to turn up early but appoinments for sudden illnesses and minor injuries are also available between 8 am and 4 pm.

HEILSUGÆSLAN EFRA-BREIÐHOLTI

Sumar í Miðbergi

Farið upp á fjall

Nú er sumarstarf frístundaheimilanna í Breiðholti í fullum gangi. Mörg fjölbreytt og skemmtileg námskeið standa börnunum til boða.

Meðal þess sem er á dagskrá má nefna fjallgöngur, heimsóknir á náttúrusýningarnar í Perlunni, ýmsar styttri og lengri ferðir, sundferðir og margt fleira skemmtilegt. Enn eru einhver laus pláss á námskeið sumarsins. Allar frekari upplýsingar má finna á vefnum fristund.is. Meðfylgjandi myndir voru teknar á námskeiðinu Upp upp á fjall, á frístundaheimilinu Hraunheimum.

Nýsköpun, hönnun og listir í FB

Í dagskóla FB er í boði nýtt tveggja anna undirbúningsnám fyrir nemendur sem stefna á listaháskóla/sérskóla á sviði skapandi greina.

Inntökuskilyrði:

Umsækjendur verða að hafa lokið stúdentsprófi, starfsnámsprófi eða sambærilegu prófi.

Kennsla hefst 20. ágúst 2020

Innritun og upplýsingar á www.fb.is

@fbskoli

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Austurberg 5 111 Reykjavík Sími 570 5600 www.fb.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Aukin samvera foreldra og unglinga í Breiðholti

Í árlegum nýjum rannsóknarniðurstöðum um líðan og hagi unglinga sem kynntar voru nýlega kemur margt jákvætt fram um hvernig unglingarnir og foreldrar þeirra í Breiðholti standa sig.

Um 90% unglinganna í 10. bekk segja foreldra sína vita hvar þeir eru á laugardagskvöldum en 90% markinu var síðast náð árið 2012. 51% unglinga í 8.-10. bekk í Breiðholti segjast verja tíma með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum. Þetta er framför frá 2018 þegar 45% nemenda voru þessarar skoðunar og viðvera var vel undir meðaltali Reykjavíkur og landsins en hefur nú náð Reykjavíkur- og landsmeðaltali. 73% unglinga í Breiðholti segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum um helgar. Þetta er hæsta meðaltal sem hefur mælst í Breiðholti frá upphafi og yfir Reykjavíkur- og landsmeðaltali. Athyglisvert er að mun hærra hlutfall drengja ver tíma með foreldrum en stúlkur. Þá er greinilegt að hærra hlutfall foreldrar í Breiðholti setur skýrar reglur um hvað má gera á heimilinu og utan þess og hvenær unglingarnir eiga að vera komnir heim á kvöldin en meðaltalið er í Reykjavík og á landinu öllu.

Þráinn Hafsteinsson.

Um ástæður þessara jákvæðu niðurstaðna má örugglega deila. Kröftugt starf foreldrafélaga grunnskólanna í Breiðholti á hér þó líklega hlut að máli ásamt öðrum, en öflugt samstarf foreldrafélaga grunnskólanna í Breiðholti hefur vakið verðskuldaða athygli og viðurkenningu á síðustu árum. Þá hefur samræmd hvatning og leiðbeiningar til foreldra frá öllum aðilum sem vinna með unglingunum s.s. grunnskólunum, félagsmiðstöðvum, lögreglu og íþrótta og frístundaðilum auk foreldrafélaganna vonandi haft jákvæð áhrif.

Þráinn Hafsteinsson
Verkefnastjóri frístunda- og félagsauðs.
Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Sjöundi vann háttvísisverðlaun KSÍ

Sjöundi flokkur Leiknis var um helgina á Akranesi og tók þátt í vel heppnuðu Norðurálsmóti.

Mikið stuð var á mótinu og leikgleðin allsráðandi á Skaganum að sögn þjálfara flokksins, Arons Fuego Daníelssonar og Sævars Atla Magnússonar.

Kirsuberið ofan á tertuna var svo að vinna háttvísisverðlaun KSÍ sem prúðasta liðið.

Sjöundi flokkur Leiknis.

Öflug byrjun á mótinu

Leiknir lék á föstudaginn gegn Þrótti í Lengjudeildinni og vann öruggan og sannfærandi 3-1 útisigur.

Mörkin þrjú voru öll mjög lagleg. Vuk, sem valinn var maður leiksins á fotbolti.net, skoraði eina mark fyrri hálfleiks. Danni Finns bauð upp á eitt lúxus mark áður en tvíburabræðurnir Dagur og Máni bjuggu til þriðja markið.

Fyrsti heimaleikur Leiknis í Lengjudeildinni verður á sunnudaginn 28. júní klukkan 14:00.

Þá koma nýliðar Vestra koma í heimsókn á Domusnova-völlinn.

Sigri fagnað á Þrótturum.

www.leiknir.com

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac
þekking og reynsla

- Office 365 þjónusta
- Gagnabjörgun og afritun
- Umsjón tölvukerfa
- Vefsíðugerð og umsjón
- Tölvuviðgerðir
- Tölvur og jaðarbúnaður

Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED (SIDE) PROTECTION · 3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Borgarstjóri heimsótti ÍR-inga

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR ásamt nokkrum ÍR-ingum í nýju Íþróttahúsi í Suður Mjódd.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri leit við í ÍR-heimilinu þar sem hann heimsótti starfsmenn og aðalstjórn félagsins þann 3. júní sl.

Dagur fékk leiðsögn um ÍR-svæðið sem er óðum að stækka hratt og því var gengið á milli allra þriggja húsanna sem standa nú á svæðinu, byggð eða í byggingu.

Að lokum var tekið stutt kaffispjall í ÍR-heimilinu.

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR ræður nýjan aðstoðarþjálfara meistaraflokks karla

Kristjana Eir skrifar undir samning við ÍR.

ÍR hefur samið við Kristjönu Eir Jónsdóttur um að taka að sér hlutverk aðstoðarþjálfara meistaraflokks karla.

Auk þess mun Kristjana sinna þjálfun drengjaflokks hjá félaginu.

Kristjana er einn allra efnilegasti þjálfari landsins og hefur þrátt fyrir ungan aldur mikla reynslu af þjálfun og er í dag þjálfari u-16 ára landsliðs kvenna.

Mikil tilhlökkun er hjá félaginu fyrir komandi tímabili sem verður spennandi bæði í karla- og kvennaflokki.

HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM
Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD

ÁFRAM ÍR

Aukin þjónusta við eldri borgara

Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu